

**Sp. 312. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]**

um strandferðaskip fyrir Vestfirði.

Flm.: Bjarni Guðbjörnsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórninna að láta í samráði við Skipaútgerð ríkisins athuga möguleika á smíði nýs strandferðaskips, sem annist farþega- og vöruflytninga milli Vestfjarða og Reykjavíkur.

**Greinargerð.**

Á undanförnum árum hefur gætt vaxandi áhuga um alla Vestfirði á því, að smíðað yrði nýtt skip, sem annast mundi eingöngu ferðir til Vestfjarða með farþega og vörur. Ef sú yrði niðurstaða þeirra athugana, sem hér er lagt til að fram fari, að smíðað yrði nýtt skip, kæmi mjög til álita að selja eitthvert þeirra skipa, sem nú eru í eigu Skipaútgerðarinnar, þar sem stærð þeirra er að ýmsu leyti óheppileg. Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að með smíði nýs skips til Vestfjarðaferða skapist mjög aukið hagræði íbúum Vestfjarða til handa, og kostnaður við rekstur slíks skips ætti ekki að þurfa að verða meiri en Skipaútgerðin hefur nú af þessum ferðum, sem koma ekki að fullu gagni.

Nánar í framsögu.